

Veiðifélag Kjósarhrepps
Guðmundur Magnússon
Káraneskoti
276 Mosfellsbær

Reykjavík, 11.6.2024
UST202401-226/gf
08.12.02

Varðar reglubundið eftirlit þann 14. maí 2024, Veiðifélag Kjósarhrepps ID 285

Þann 14. maí sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldi Veiðifélagi Kjósarhrepps í Brynjudal í Hvalfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ábendingar voru gerðar um að skila inn þjálfunarskýrslu starfsmanns fiskeldisins og að huga að tæmingu / dýpkun settjarnar ef niðurstöður mengunarmælingar í frárennsli stöðvarinnar sýna að losun í Brynjudalsá sé yfir losunarmörkum.

Þrjú frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram er varða:

- Frávik frá gr. 1.5 í starfsleyfi.* Neyðaráætlun lá ekki fyrir hjá rekstraraðila. Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk í eldisstöðinni ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar.
- Frávik frá gr. 4.3 í starfsleyfi.* Rekstraraðili hefur ekki framkvæmt mælingar í frárennsli fyrir árin 2022 og 2023 eins og kröfur eru um í starfsleyfi.
- Frávik frá gr. 4.4 í starfsleyfi.* Ársyfirlit vegna stöðvarinnar hefur ekki verið skila til Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 3. júlí 2024.

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur